

# Ársskýrsla 2007



## Grundvallarmarkmið Rauða krossins og Rauða hálfmánans

**MANNÚÐ** Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, kynþætti, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmalaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórn mála, kynþátta, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.

## Efnisyfirlit



<b>Stefnumótun og verkefni innanlands í forgrunni</b> .....	Inngangur formanns og framkvæmdastjóra	<b>5</b>
<b>Forysta í sjálfboðnu starfi</b> .....	Stjórn, nefndir og formenn deilda Rauða kross Íslands	<b>6</b>
<b>Tekjur og útgjöld</b> .....	Úr rekstrinum	<b>7</b>
<b>Ýmsir viðburðir í starfinu</b> .....	Innanlandsstarf	<b>8</b>
<b>Saman í þágu mannúðar</b> .....	Alþjóðaráðstefna Rauða krossins og Rauða hálfmánans	<b>10</b>
<b>Aðlögun að nýju samfélagi</b> .....	Innanlandsstarf	<b>13</b>
<b>Í takt við tímann – nýjar áherslur í starfi Rauða krossins</b> .....	Innanlandsstarf	<b>14</b>
<b>Aukið starf með innflytjendum og í þágu þeirra</b> .....	Innanlandsstarf	<b>17</b>
<b>Fjöldi heimsóknavina tæplega tvöfaldast á einu ári</b> .....	Innanlandsstarf	<b>19</b>
<b>Fjölbreytt verkefni hjá Ungmennahreyfingunni</b> .....	Innanlandsstarf	<b>21</b>
<b>Ný fjölsmiðja á Akureyri – vinnusetur fyrir ungt fólk</b> .....	Innanlandsstarf	<b>23</b>
<b>Alþjóðastarfið í hnotskurn</b> .....	Alþjóðastarf	<b>24</b>
<b>Mósambík: Neyðin kennir naktri konu að spinna</b> .....	Alþjóðastarf	<b>25</b>
<b>Malaví: Góðar fréttir af alnæmissmituðu fólki</b> .....	Alþjóðastarf	<b>26</b>
<b>Búrundi: Alþjóðaráðið aðstoðar á stríðsátakasvæðum</b> .....	Alþjóðastarf	<b>27</b>



Rauði kross Íslands  
Reykjavíkureið

Konukot

4



UGLA EGILSDÓTTIR,  
SJÁLFBÓÐALÍÐI Í KONUKOTI



## Stefnumótun og verkefni innanlands í forgrunni

Á árinu var endurskoðuð stefna félagsins til ársins 2010 samþykkt. Áherslur stefnunnar snúast einkum um það að hamla gegn félagslegri einangrun og að sinna verkefnum sem efla innflytjendur og gagnkvæma aðlögun þeirra og íslensks samfélags. Hefur þessum verkefnum meðal annars verið sinnt með verulegri aukningu á starfi heimsóknavina. Um 60% Rauða kross deilda um allt land höfðu heimsóknavini innan sinna vébanda. Verkefni með innflytjendum eflust einnig verulega. Félagið hefur fylgt þeirri leið að fá innflytjendur til að taka þátt í verkefnum Rauða krossins í stað þess að finna upp ný verkefni „fyrir þá“. Á árinu skipaði stjórn Rauða kross Íslands starfshóp sem einungis innflytjendur sitja í til að vera stjórninni til ráðgjafar.

Starf Ungmennahreyfingar Rauða krossins (URKÍ) jókst einnig á árinu. Ný stjórn URKÍ gerði breytingar á starfsemi hreyfingarinnar sem hafa það að markmiði að glæða starfið og virkja fleira ungt fólk í starfi fyrir Rauða krossinn.

Í endurskoðaðri stefnu er lögð áhersla á að kynna sérstaklega verkefni Rauða krossins innanlands. Það er löngu þekkt að almenningur kannast betur við verkefni Rauða krossins á alþjóðavettvangi en hér heima þrátt fyrir þá staðreynd að um og yfir 70% af öllum verkefnum Rauða kross Íslands eru innanlandsverkefni. Til þess að bregðast við þessu var ákveðið að efnu til kynningarátaks á verkefnum félagsins innanlands. Verkefni Rauða krossins eru mjög fjölbreytt og hefur til þessa verið reynt að kynna þau öll. Að þessu sinni var nálgunin önnur og var í kynningarátakinu lögð áhersla á að kynna sérstaklega verkefni Rauða kross deilda sem draga úr félagslegri einangrun. Áhersla var lögð á þátt sjálfbóðaliða og þeirra mikilvæga og fjölbreytta starf. Vel tókst til með kynningarvirkunum. Þátttaka deilda í henni var öflug og fjölgaði skráðum sjálfbóðaliðum verulega og eru þeir nú um 2.000.

Alls staðar þar sem Rauði krossinn starfar er það heimafólk, þ.e. sjálfbóðaliðar Rauða kross félagsanna, sem sinnir mannúðar- og uppbyggingastarfi. Félögin, sem starfrækt eru í fátækustu löndum heims, gegna ekki aðeins mikilvægu hlutverki í neyðarvörnum og neyðaraðstoð heldur einnig í heil-

brigðis- og félagsþjónustu. Starfsemi þeirra hefur því ekki síður mikla þýðingu við að byggja upp samfélagið að nýju eftir að átökum er lokið. Hið sama gildir um Ísland. Hér gegnir heimafólk, sjálfbóðaliðar Rauða krossins, lykilhlutverki í starfi félagsins. Sem dæmi má nefna skipulag neyðarvarna Rauða krossins um allt land og þjálfun í skyndihjálp.

Á nýliðnu ári var mikið rætt innan Rauða kross hreyfingarinnar um hvaða áhrif umhverfisvandamál og loftslagsbreytingar kunni að hafa á lífskjör fólks í fátækum löndum. Á árinu bar mest á náttúruhamförum vegna veðurs, þ.e. vegna flóða og fellibylja. Nær sex af hverjum 10 neyðarbeiðnum, sem Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans sendi út á árinu, voru vegna náttúruhamfara. Á Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans, þar sem hreyfingin fundar með fulltrúum allra þeirra ríkja sem hafa undirritað Genfarsamningana, lagði Rauði kross Íslands fram áheiti um að taka þetta viðfangsefni sérstaklega upp.

Alþjóðastarf Rauða kross Íslands beindist á árinu, eins og áður, að því að styðja og efla fólk í fátækustu löndum heims við að ráða fram úr þeim vanda sem þar er við að glíma – hvort sem er vegna fátæktar, sjúkdóma, náttúruhamfara eða stríðsátaka.

Rauði kross Íslands starfar ætíð í samvinnu við heimamenn, þ.e. styður og aðstoðar við það starf sem fram fer á vegum Rauða kross eða Rauða hálf-

mána félagsins í viðkomandi landi. Félagið hélt áfram beinni samvinnu sinni við sex systurfélög sín í Afríku og Miðausturlöndum auk þess að styðja hjálparstarf Alþjóða Rauða krossins með fjárframlögum og íslensku starfsfólki. Reynslan sýnir að það skiptir sköpum að efla getu heimamanna til að takast á við þau verkefni sem þeir sinna. Rauði krossinn á Íslandi vinnur að þessu með því að styðja Rauða kross deildir, meðal annars með vinadeildasamstarfi, með beinum stuðningi við systurfélögin eða með því að styðja Alþjóðasambandið sem til dæmis aðstoðar Rauða kross félögin með ýmsum hætti.

Haldnir voru fastafundir Rauða kross hreyfingarinnar þar sem saman koma fulltrúar allra 186 landsfélaganna. Yfirskrift þessara funda var „samvinna í þágu mannúðar“ til að minna á að Rauði krossinn, önnur félagasamtök og stjórnvöld þurfa að vinna saman að úrlausnarefnum á sviði mannúðarmála. Samvinna af þessu tagi er lykilatriði og hér á landi hafa verkefni Rauða krossins mörg verið samstarfsverkefni með ríki og sveitarfélögum og öðrum félagasamtökum.

Árið 2007 var viðburðaríkt og lögðu þar margir drjúga hönd á plóg. Við viljum þakka sjálfbóðaliðum og starfsmönnum félagsins fyrir þeirra framlag, sem og almenningi og stjórnvöldum fyrir stuðninginn við Rauða kross Íslands.

Reykjavík í maí 2008.



**Ómar H. Kristmundsson**  
formaður Rauða kross Íslands



**Kristján Sturluson**  
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

**SJÚKRAFLUTNINGAR VORU RÚMLEGA 25 ÞÚSUND OG FJÖLGADI UM RÚMLEGA TVÖ ÞÚSUND MILLI ÁRA.**

**HALDIN VORU FIMM NÁMSKEIÐ FYRIR AÐSTANDENDUR GEDFATLADRA OG ÁHUGAFÓLK UM GEDHEILBRIGÐISMÁL. FRÁ UPPHAFI, FEBRÚAR ÁRIÐ 2005, HAFNA 16 NÁMSKEIÐ VERIÐ HALDIN MEÐ UM 700 ÞÁTTTAKENDUM.**

ALLS GISTU 55 KONUR Í KONUKOTI, ÞAR AF VORU 30 SEM KOMU Í FYRSTA SINN Í ATHVARFIÐ Á ÞESSU ÁRI. GISTINÆTUR VORU 1.405.

## Forysta í sjálfboðnu starfi

### Stjórn Rauða kross Íslands

**Ómar Kristmundsson**, formaður  
**Anna Stefánsdóttir**, varaformaður  
**Einar Sigurðsson**  
**Esther Brune**  
**Garðar H. Guðjónsson**  
**Gunnar Frímansson**, gjaldkeri  
**Karen Erla Erlingsdóttir**  
**Pálín Dögg Helgadóttir**  
**Sigríður Magnúsdóttir**  
**Pór Gíslason**, ritari  
**Pórdís Magnúsdóttir**

### Framkvæmdaráð

**Ómar Kristmundsson**  
**Anna Stefánsdóttir**  
**Pór Gíslason**  
**Karen Erla Erlingsdóttir**, varamaður  
**Fulltrúar í stjórn Íslandsspila**  
**Anna Stefánsdóttir**  
**Jóhannes R. Jóhannsson**  
**Kristján Sturluson**  
**Stjórn Verkefnasjóðs**  
**Pór Gíslason** formaður  
**Pálín Dögg Helgadóttir**  
**Sigrún C. Halldórsdóttir**  
**Stefán Yngvason**

### Stjórn URKÍ

**Jón Þorsteinn Sigurðsson**, formaður  
**Arnar Benjamín Kristjánsson**  
**Auður Ásbjörnsdóttir**  
**Gunnlaugur Bragi Björnsson**  
**Hannes Arnórsson**, varaformaður  
**Kristjana Prastardóttir**  
**María Ágústsdóttir**  
**Pálína Björk Matthíasdóttir**  
**Skyndihjálparráð**  
**Ármann Höskuldsson**  
**Erna Árnadóttir**  
**Guðbjörg Pálsdóttir**  
**Gunnar M. Baldursson**  
**Gunnhildur Sveinsdóttir**  
**Oddur Eiríksson**  
**Ólafur Ingi Grettisson**

### Ráðgjafarhópur um innflytjendamál

**Anh-Dao Tran**, formaður  
**Akeem Cujop Oppong**  
**Grazyna Maria Okuniewska**  
**Herianty Novita**  
**Raul Saenz**  
**Sabine Leskopf**  
**Skoðunarmenn**  
**Jón Kr. Sólnes**  
**Ólafur R. Gunnarsson**  
**Endurskoðunarskrifstofa**  
**KPMG – Endurskoðun hf.**

### Formenn deilda Rauða kross Íslands 31. desember 2007

Austur-Húnavatnssýsludeild .....	<b>Einar Óli Fossdal</b>
Akranesdeild .....	<b>Sveinn Kristinsson</b>
Akureyrardeild .....	<b>Sigurður Ólafsson</b>
Álftanesdeild .....	<b>Sigrún Jóhannsdóttir</b>
Árnesingadeild .....	<b>Marianne Brandsson-Nielsen</b>
Bolungarvíkurdeild .....	<b>Dóra María Elíasdóttir</b>
Borgarfjarðardeild .....	<b>Ragnheiður Kristín Einarsdóttir</b>
Breiðdalsdeild .....	<b>Unnur Björgvinsdóttir</b>
Búðardalsdeild .....	<b>Óskar Ingi Ingason</b>
Dalvíkurdeild .....	<b>Ragna Gunnarsdóttir</b>
Djúpavogsdeild .....	<b>Ragnar Eiðsson</b>
Dýrafjarðardeild .....	<b>Bergur Torfason</b>
Eskifjarðardeild .....	<b>Ásta Tryggvadóttir</b>
Fáskrúðsfjarðardeild .....	<b>Halldór U. Snjólaugsson</b>
Garðabæjardeild .....	<b>Ólafur R. Gunnarsson</b>
Grindavíkurdeild .....	<b>Guðfinna Bogadóttir</b>
Grundarfjarðardeild .....	<b>Bryndís Theódórsdóttir</b>
Hafnarfjarðardeild .....	<b>Ingibjörg Ásgeirsdóttir</b>
Héraðs- og Borgarfjarðardeild .....	<b>Málfríður Björnsdóttir</b>
Hornafjarðardeild .....	<b>Magnhildur Gísladóttir</b>
Húsavíkurdeild .....	<b>Ingólfur Freysson</b>
Hvammstangadeild .....	<b>Guðrún Matthíasdóttir</b>
Hveragerðisdeild .....	<b>Úlfur Björnsson</b>
Ísafjarðardeild .....	<b>Hrefna Magnúsdóttir</b>
Kjósarsýsludeild .....	<b>Jóhannes B. Guðmundsson</b>

Klaustursdeild .....	<b>Elín Anna Valdimarsdóttir</b>
Kópavogsdeild .....	<b>Garðar H. Guðjónsson</b>
Norðfjarðardeild .....	<b>Ásmundur Páll Hjaltason</b>
Ólafsfjarðardeild .....	<b>Sigrún Sigurðardóttir</b>
Rangárvallasýsludeild .....	<b>Einar Erlendsson</b>
Reyðarfjarðardeild .....	<b>Sigurður Ásgeirsson</b>
Reykjavíkurdeild .....	<b>Stefán Yngvason</b>
Seyðisfjarðardeild .....	<b>Einar Hólm Guðmundsson</b>
Siglufjarðardeild .....	<b>Skarphéðinn Guðmundsson</b>
Skagafjarðardeild .....	<b>Gunnar Rögnvaldsson</b>
Skagastrandardeild .....	<b>Pétur Eggertsson</b>
Snæfellsbæjardeild .....	<b>Elfa Ármannsdóttir</b>
Strandasýsludeild .....	<b>Victor Örn Victorsson</b>
Stykkishólmsdeild .....	<b>Björn Benediktsson</b>
Stöðvarfjarðardeild .....	<b>Póra Björk Nikulásdóttir</b>
Suðurnesjadeild .....	<b>Rúnar Helgason</b>
Súðavíkurdeild .....	<b>Halldór Már Þórisson</b>
Súgandafjarðardeild .....	<b>Bryndís Ásta Birgisdóttir</b>
Vestur-Barðastrandarsýsludeild .....	<b>Guðni Jóhann Ólafsson</b>
Vestmannaeyjadeild .....	<b>Hermann Einarsson</b>
Víkurdeild .....	<b>Sveinn Þorsteinsson</b>
Vopnafjarðardeild .....	<b>Gísli Sigmarsson</b>
Þórshafnardeild .....	<b>Ásta Laufey Þórarinsdóttir</b>
Önundarfjarðardeild .....	<b>Sigríður Magnúsdóttir</b>
Öxarfjarðardeild .....	<b>Jón Ármann Gíslason</b>

# Tekjur og útgjöld

**Í uppgjöri Rauða kross Íslands fyrir árið 2007 er þriðja árið í röð myndaður samstæðureikningur með deildum félagsins en þannig fæst glögg mynd af allri starfsemi landsfélagsins.**

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum hækkuðu um rúm 5%. Að teknu tilliti til verðlags stóðu tekjur nánast í stað.

Frjáls framlög námu 156 m.kr. Félaginu barst stórgjöf að fjárhæð 20 m.kr. og verður henni varið til að styðja við sumarbúðir fyrir fatlaða á næstu árum. Tekjur deilda Rauða krossins af félagsgjöldum námu rúmum 11 m.kr.


Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 256 m.kr. Tæpur helmingur þeirrar fjárhæðar er vegna þróunarsamvinnu í sunnanverðri Afríku.

Útgjöld til innlendra verkefna jukust og námu 469 m.kr. Hækkunin felst meðal annars í að ákveðið var að eyrnamerkja 45 m.kr. til að vinna að málefnum innflytjenda á næstu árum. Þá voru lagðar fram 16 m.kr. vegna Fjölsmiðju á Akureyri.


Rauði kross Íslands á og rekur 77 sjúkrabifreiðar um land allt. Kostnaður við rekstur þeirra var 215 m.kr. á árinu. Rauði krossinn lagði 29 m.kr. til rekstrarins en aðrar tekjur koma frá heilbrigðisráðuneytinu og notendum þjónustunnar.

Alls var ráðstafað 1.251 m.kr. til verkefna. Tekjur umfram útgjöld voru 17 m.kr.


## Skipting útgjalda



## Innanlandsstarf



## Alþjóðlegt hjálparstarf



## Tekjur og framlög

	2007	2006	2005	2004	2003
Tekjur af söfnunarkössum .....	587.066	557.903	529.164	502.412	517.309
Gjafir og framlög .....	155.949	155.356	245.235	153.479	102.715
Samningsbundin verk við stjórnvöld .....	138.366	118.432	71.762	118.137	131.995
Sjúkraflutningar .....	89.366	83.634	93.546	85.797	82.751
Söluhagnaður fasteigna .....	-	71.300	7.942	306.874	-
Aðrar tekjur .....	296.940	294.589	207.889	108.641	147.369
<b>Samtals</b>	<b>1.267.687</b>	<b>1.281.214</b>	<b>1.155.538</b>	<b>1.275.340</b>	<b>982.139</b>

## Lykiltölur úr rekstrinum:

### Framlög til nokkurra verkefna

Verkefni	2007	2006	2005	2004	2003
Alþjóðahjálparstarf .....	255.794	242.830	324.988	233.018	176.656
Alþjóðasamstarf .....	54.393	49.942	44.568	39.264	41.724
Innanlandsstarf .....	468.560	345.164	327.768	341.890	405.875
Sjúkraflutningar .....	214.566	208.516	185.511	187.017	173.144
Hjálparsíminn .....	24.478	20.861	19.093	17.131	34.700
Vín – athvarf fyrir geðfatlaða .....	21.745	20.913	18.724	17.919	17.929
Önnur athvörf .....	39.824	31.472	28.354	-	-



## Janúar

### Heimsóknavinir hefja störf í Austur-Húnavatnssýslu

Rauða kross deildin í Austur-Húnavatnssýslu hélt eitt af fyrstu námskeiðum ársins fyrir sjálfboðaliða sem hyggjast starfa sem heimsóknavinir. Alls voru haldin 26 slík námskeið um allt land sem 151 sótti. Það bættist því við þjónustu heimsóknavina sem aldrei fyrr. Um 350 manns fá til sín heimsóknavin reglulega en þjónustan er liður í áherslu félagsins við að draga úr félagslegri einangrun.



## Febrúar

### Fjölbreytt dagskrá um allt land á 112 dagin

Sjálfboðaliðar buðu vegfarendum í Smáralind að kynna sér skyndihjálp og hlutverk félagsins í neyðarvörnum. Deildir stóðu fyrir svipuðum kynningum víða um landið þennan dag sem að þessu sinni var helgaður margvíslegum störfum sjálfboðaliða að forvörnum, leit og björgun, almannavörnum og neyðaraðstoð.



## Mars

### Á flóttu með ungu fólki á Norðurlandi

Nemendur Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra tóku þátt í hlutverkaleiknum Á flóttu og settu sig í spor flóttamanna í 24 klukkutíma. Þátttakendur lenda í dæmigerðum aðstæðum flóttamanna sem flýja stríð, spillingu og hungur til ókunnugs lands og á leiðinni hrekjast þeir frá einum stað til annars. Nemendum þótti leikurinn erfiður enda var hann haldinn í afar köldu veðri.



## Apríl

### Sjálfboðaliðar frá Gambíu uppræða nema í Hvalfjarðarsveit

Tveir sjálfboðaliðar og einn starfsmaður frá Rauða krossinum í Gambíu komu til landsins í tengslum við vinadeildasamstarf. Þeir heimsóttu meðal annars skóla og fluttu erindi um öflugt starf á þeirra heimaslóðum. Reykjavíkureild og deildir á Vesturlandi hafa átt í vinadeildasamstarfi við deildir í Gambíu og bættust nú deildir á Vestfjörðum í hópin.



## Mái

### Ný stefna samþykkt á aðalfundi á Akureyri

Ný og endurskoðuð stefna félagsins fram til ársins 2010 var samþykkt á aðalfundi félagsins. Með endurskoðaðri stefnu er verið að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar Hvar þrengir að? sem félagið lét gera á síðasta ári um hverjir það eru sem verst standa í íslensku þjóðfélagi. Könnunin leiddi í ljós brýna þörf á að efla starf með innflytjendum og sporna gegn félagslegri einangrun.



## Júní

### Reiðhjól hjálmar að gjöf

Krakkarnir á leikskólanum í Vík í Mýrdal voru meðal þeirra sem fengu hjálma að gjöf frá Rauða krossinum og nutu aðstoðar lögreglunnar um rétta notkun þeirra. Einnig færðu sjálfboðaliðar hjá Seyðisfjarðardeild og lögreglan síðasta árgangi leikskólans hjálma að gjöf en lögreglan skoðaði jafnframt útbúnað reiðhjóla nemenda og veitti góð ráð. Nokkrar deildir Rauða krossins hafa til marga ára haft það verkefni í lok skólaárs að gefa börnum reiðhjól hjálma. Er það liður í forvarnarsamstarfi félagsins í skyndihjálp og forvörnum.

Á SUMARMÁNUÐUM VAR GERÐ KÖNNUN Á STÖÐU INNFLYTJENDA Á STARFSSVÆÐI DEILDANNA Á NORÐURLANDI OG VORU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR KYNNTAR Á SVÆÐISFUNDI DEILDANNA.

TUTTUGU MANNA HÓPUR FÖR Í FIMM DAGA FERÐ TIL LUNDÚNA Í MAÍ Á VEGUM VIÐSÝNAR SEM ER FERÐAFÉLAG GESTA Í VIN. Í ÁGÚST FÖR 13 MANNA HÓPUR Í FIMM DAGA HEILSUEFLINGARFERÐ AÐ SÓLHEIMUM Í GRÍMSNESI OG Í JÚNÍ VAR FERÐ Í MOSFELLSBÆ. VIRKIR FERÐAFÉLAGAR VORU 38.

**GESTAKOMUR Í VIN VORU 7200, AÐ MEÐALTALI KOMU 27 Á DAG. 391 EINSTAKLINGUR HEIMSÓTTI ATHVARFIÐ, 30% PEIRRA VORU KONUR.**





**Júlí**

## Hlýlegt andrúmsloft í sumarbúðum

Það er líf og fjör í sumarbúðum Rauða krossins fyrir fatlaða einstaklinga. Deildir Rauða krossins á Norðurlandi, höfuðborgarsvæði, Austurlandi og Suðurlandi stóðu að rekstri búðanna níunda árið í röð. Að þessu sinni voru tveir sjálfboðaliðar frá Þýskalandi, systurnar Katarina og Juliane, en sú síðarnefnda er í annað sinn á Löngumýri. „Við njótum þess að vera hluti af hópnum. Það er svo gott andrúmsloft og allir skemmta sér svo vel. Hér fá allir að starfa og njóta sín á jafningjagrundvelli, þátttakendur, starfsmenn og sjálfboðaliðar,“ sögðu þær systur.



**Október**

## Kynningarvika Rauða krossins

Sjálfboðaliðar í Hafnarfirði voru meðal þeirra fjölmörgu sem komu að kynningarviku á fjölbreyttri starfsemi félagsins innanlands sem efnt var til frá 14.–20. október. Langflestar deildir tóku þátt í kynningarvikunni með ýmsum hætti, eða 44 deildir af 50. Forseti Íslands og forsetafrú heimsóttu nokkrar deildir, kynntu sér starfsemi þeirra og aðstoðuðu við kynningarstarf. Landsmenn tóku vel í framtakið og fjölmargir gerðust sjálfboðaliðar, bæði í vikunni og í kjölfar hennar.



**Ágúst**

## Alþjóðlegir foreldrar hittast

Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar unnu að undirbúningi nýs verkefnis fyrir foreldra og börn. Fyrsta samverustundin var svo í október þar sem ellefu foreldrar mættu með börn sín á aldrinum sex vikna til sex ára. Markmið með verkefninu er að rjúfa félagslega einangrun innflytjenda sem eru heima með ung börn. Alþjóðlegir foreldrar hittast alla fimmtudaga í Mekka, félagsmiðstöð Hjallaskóla.



**Nóvember**

## Viðbragðshópur aðstoðar vegna bruna

Þrjú sjálfboðaliðar úr viðbragðshópi neyðarnefndar höfuðborgarsvæðis fóru á vettvang vegna bruna í Fannarfelli og veittu íbúum skjól sem þurftu að yfirgefa húsið. Alls fóru fjöldahjálparstjórar í átta útköll en 443 sjálfboðaliðar eru þjálfaðir til að sinna neyðarvarnahlutverki Rauða krossins í skipulagi Almannavarna. Þá sóttu 66 nýir fjöldahjálpastjórar námskeið í fjöldahjálpar.



**September**

## Koma flóttamanna undirbúin

Fjölmargir sjálfboðaliðar unnu við undirbúning að komu 27 kólumbískra flóttamanna hingað til lands 9. október og hafði Reykjavíkurreið Rauða krossins umsjón með móttökunni. Flóttafólkið kom frá Ekvador og settist að í Reykjavík eftir að hafa flúið ofbeldi, stríðsátök og ofsóknir um árabíl í heimalandi sínu. Hver fjölskylda fær stuðning frá sjálfboðaliðum hér á landi. Málafni flóttamanna voru kynnt á alþjóðlegum degi flóttamanna 20. júní í Reykjavík og á Akureyri.



**Desember**

## Tombólubörnum þakkað

Á degi sjálfboðaliðans, 5. desember, var öllum tombólubörnum á höfuðborgarsvæðinu sem styrktu Rauða krossinn á árinu boðið á bíósýningu sem ungmennadeild Reykjavíkurreiðar Rauða krossins stóð fyrir. Fjölmörg börn um allt land stóðu fyrir tombólum á árinu og söfnuðu alls um 500 þúsund krónum. Framlag tombólubarnanna rennur alltaf til barna- og ungmennastarfs Rauða krossins víða um heim og að þessu sinni voru peningarnir notaðir til að hjálpa börnum í Malaví í suðurhluta Afríku.

GEÐRÆKTARMÍÐSTÖÐIN KOMPAN Á EGILSSTÖÐUM VAR OPNUÐ Á ALPÞJÓÐLEGA GEÐHEILBRIGÐISDAGINN ÞANN 10. OKTÓBER.  
**GESTAKOMUR Í LÆK VORU 2128, AÐ MEÐALTALI ÁTTA TIL NÍU Á DAG.**

ALLS TÓKU 78 BÖRN OG UNGMENNÍ ÞÁTT Í VERKEFNUNUM ENTER OG ELDHUGAR  
HJÁ KÓPAVOGSDEILD. SJÁLFBODALIÐAR Í VERKEFNUNUM VORU SAMTALS 40.

## Áheiti Rauða krossins á Alþjóðaráðstefnu

# Saman í þágu mannúðar



Þrítugasta Alþjóðaráðstefna Rauða krossins og Rauða hálfmánans var haldin í Genf í lok nóvember undir kjörorðunum Saman í þágu mannúðar. Þar komu saman 1.500 fulltrúar Rauða kross hreyfingarinnar og þjóðríkja sem eiga aðild að Genfarsamningunum. Sendinefnd frá Rauða krossi Íslands og utanríkisráðuneytinu sat ráðstefnuna fyrir Íslands hönd og undirrituðu fulltrúar sameiginleg áheiti um markvissara samstarf í mannúðarmálum á árunum 2008–2011. Rauði kross Íslands hét því einnig að rannsaka afleiðingar loftslagsbreytinga og gera úttekt á mansali á Íslandi.

### Áhrif loftslagsbreytinga og úttekt á mansali á Íslandi

Helstu umræðuefni ráðstefnunnar að þessu sinni voru fólksflutningar milli landa og heimshluta, loftslagsbreytingar, smitsjúkdómar og starf á átakasvæðum. Á ráðstefnunni gerði formaður Rauða kross Íslands sérstaklega grein fyrir afstöðu félagsins til tveggja meginmálaflokka ráðstefnunnar: Fólksflutninga og afleiðinga loftslagsbreytinga.

Rauði krossinn hét því að rannsaka áhrif loftslagsbreytinga á lífsskilyrði á Íslandi og taka tillit til niðurstaðnanna í neyðarvarnaráætlun félagsins og að koma slíku á framfæri við stjórnvöld. Einnig hét Rauði krossinn því að gera úttekt á eðli og umfangi mansals á Íslandi og kynbundins ofbeldis í því sambandi með það að markmiði að móta ný verkefni í samvinnu við yfirvöld.

Alþjóðaráðstefnur sem þessar eru haldnar á fjögurra ára fresti og er eitt af meginmarkmiðum þeirra að fjalla um þann margslungna vanda sem steðjar að jarðarbúum á komandi áratugum. Á Alþjóðaráðstefnum Rauða krossins og Rauða hálfmánans samþykkja landsfélög hreyfingarinnar jafnan sameiginleg áheiti með ríkisstjórnnum síns heimalands um samvinnu um mannúðarstarf í samræmi við þá málaflokka sem eru til umræðu hverju sinni.

### Samstarf nauðsynlegt

Hreyfing Rauða krossins leggur höfuðáherslu á nauðsyn þess að eiga náð samstarf með ríkisstjórnunum um allan heim til að mannúðaraðstoð berist tím-anlega til þeirra sem eru í neyð, og skili tilætluðum árangri. Ekkert eitt samfélag, ríkisstjórn eða hreyfing getur tekist á við þá miklu erfiðleika sem steðja að íbúum heimsins án þess að eiga gott samstarf við aðra sem vinna að sömu markmiðum.

„Samstarf Rauða krossins og stjórnvalda er nauðsynlegt til að vinna gegn helstu vandamálum sem steðja nú að jarðarbúum – eins og síauknum náttúruhamförum vegna loftslagsbreytinga og átaka milli stríðandi fylkinga,“ sagði Ómar Kristmundsson, formaður Rauða kross Íslands, á ráðstefnunni. „Einungis með því að vinna markvisst saman að mannúðarmálum og útbreiðslu alþjóðlegra mannúðarlaga náum við árangri við að aðstoða þá sem búa við mesta neyð.“

### Fræðsla um mannúðarlög og stoðlutverk Rauða krossins

Í áheiti Rauða krossins og ríkisstjórnarinnar er sérstaklega horft til þess að mennta starfsfólk Rauða kross Íslands, embættismenn í utanríkisráðuneytinu og starfsfólk íslensku friðargæslunnar um alþjóðleg mannúðarlög, beitingu Genfarsamninganna og framfylgd þeirra. Þá er einnig litið til stoðlutverks Rauða krossins gagnvart stjórnvöldum og

stuðning við langtímarstarf Rauða kross Íslands á tilteknum landssvæðum og samstarfslöndum.

Að auki undirrituðu Rauði kross Íslands og ríkisstjórnin ásamt landsfélögum Rauða krossins í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og ríkisstjórnnum sömu landa, samnorrænt áheit um hlutlausu, óháða mannúðaráðstoð á átakasvæðum. Þar skuldbinda aðilar sig til að styrkja starf óháðra samtaka eins og Rauða krossins og skerpa línurnar milli starfsemi þeirra og aðstoðar sem ríki veita í hernaðarlegum tilgangi.

### **Landsnefnd um mannúðarlög sett á laggirnar**

Á 28. Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem haldin var árið 2003, undirrituðu Rauði krossinn og ríkisstjórn Íslands áheit um að vinna sameiginlega að útbreiðslu og beitingu alþjóðlegra mannúðarlaga á árunum 2004–2007. Þar var meðal annars samþykkt að stofna landsnefnd um framfylgd Genfarsamninganna.

Landsnefndin skyldi meðal annars hafa það hlutverk að fara yfir ákvæði íslenskra laga er varða vernd merkja Rauða krossins og Rauða hálfmánans í því skyni að auka vernd merkjanna og koma í veg fyrir að þau séu misnotuð hér á landi, og meta þörfina á að sett verði sérstök lög um Rauða krossinn.

Landsnefnd um mannúðarrétt var skipuð seinni part árs 2007 í samvinnu við utanríkisráðuneyti. Slíkar nefndir eru starfandi í 65 ríkjum heims, þar á meðal á öllum Norðurlöndum og verður litið nokkuð til starfsemi þeirra meðan fyrstu skrefin eru tekin. Helsta verkefni þeirra er að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd alþjóðlegra mannúðarlaga, að vera vettvangur umræðna um alþjóðleg mannúðarlög og breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum.

Í landsnefndinni sitja fulltrúar frá Rauða krossi Íslands, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti sem fer með formennsku hennar.

### **Landsfélög í Evrópu leggja áherslu á málefni innflytjenda**

Landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Evrópu hittust í Istanbúl í Tyrklandi í lok maí. Þar skuldbundu þau sig til að styðja innflytjendur í álfunni í því skyni að stuðla að því að þeir njóti jafnréttis á við aðra og jafna tækifæra í samfélaginu.

Í skuldbindingunum felst meðal annars yfirlýsing um að félög Rauða krossins og Rauða hálfmánans myndu vinna gegn kynþáttafordómum, útlendingahatri, mismunun og skorti á umburðarlyndi og leggja áherslu á skilning og virðingu í garð innflytjenda. Styrkja á innflytjendur og hvetja stjórnvöld, atvinnulíf og almenning til að berjast gegn einangrun, mismunun og útilokun fólks vegna uppruna þess.

Landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans lýstu því yfir að þau myndu vinna að því að styrkja þau samfélög sem þau starfa í og efla sjálfbúið starf sem er grunnur að starfi hvers landsfélags. Nauðsynlegt er að sjálfbúiðahópurinn endurspeglir það samfélag sem hann er hluti af. Þeir sem standa á einhvern hátt höllum fæti þurfa sjálfir að vera þátttakendur í uppbyggingu og framkvæmd verkefna.

Í Istanbúl skuldbindingunum var jafnframt lögð áhersla á að settir verði sameiginlegir mælikvarðar á árangur og framkvæmd skuldbindinganna þannig að hægt sé að meta árangur þeirra.



Ómar H. Kristmundsson formaður Rauða kross Íslands og Kristinn F. Árnason sendiherra undirrita sameiginleg áheit félagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar.



ANNA LILJA KVARAN,  
SJÁLFBOÐALIÐI Í FATAFLOKKUN

## Aðlögun að nýju samfélagi

Í október komu 30 kólumbískir flóttamenn til landsins í boði íslenskra stjórnvalda. Um var að ræða konur og börn úr verkefni Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem kallast „Konur í hættu“ eða „Women at risk“. Flóttafólkið kom frá Ekvador eftir að hafa flúið ofbeldi, stríðsátök og ofsóknir í heimalandi sínu Kólumbíu.

Rauði krossinn gegnir lykilhlutverki við móttöku flóttamanna. Rauði kross Íslands tekur þátt í vali á þeim flóttamönnum sem hingað koma og heldur jafnframt utan um eins árs aðlögunarverkefni fyrir flóttafjölskyldurnar í samvinnu við samstarfsaðila um verkefnið.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins bera hita og þunga af því að aðstoða flóttafólkið við að tengjast samfélaginu og vera því innan handar með ýmislegt sem getur komið upp við aðlögun í nýju landi. Stuðningsfjölskyldur skapa vináttu- og tengslanet sem er svo mikilvægt þegar að fólk kemur ókunnugt til nýs lands og á að baki erfiða reynslu. Það veitir öryggistilfinningu og lætur fólki finnast það vera velkomið sem er mjög mikilvægur þáttur í aðlögun að nýju samfélagi.



### Aldrei betri viðtökur hjá stuðningsaðilum

Viðbrögð við auglýsingu Reykjavíkurdeldar Rauða krossins um stuðningsaðila fyrir flóttafjölskyldurnar sem komu árið 2007 hafa aldrei verið betri. Um 100 stuðningsaðilar tóku þátt í verkefninu hjá Reykjavíkurdeldinni. Sjálfbóðaliðar sækja tvö námskeið til að undirbúa sig fyrir verkefnið, annars vegar undirbúningsnámskeið og hins vegar námskeið í sálrænum stuðningi.

Frá árinu 1996 hafa íslensk stjórnvöld tekið á móti 247 flóttamönnum í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinn og sveitarfélög í landinu.

Félagsmálaráðuneytið hefur heildarumsjón með verkefninu, utanríkisríkisráðuneytið ber kostnaðinn af aðlögunarverkefninu til eins árs. Reykjavíkurborg hefur tekið við flóttamönnum bæði árið 2005 og 2007 í samstarfi við Reykjavíkurdeld Rauða krossins. Borgin útvegaði fólkinu húsnæði, félagslega ráðgjöf, íslenskunám og samfélagsfræðslu. Þá sækja börn og ungmenni leik-, grunn- og framhaldsskóla í borginni, og fá börnin sérstakan stuðning í skólum og móðurmálskenndum.



### Samfella við móttöku flóttamanna

Rauði krossinn fagnaði ákvörðun ríkisstjórnarinnar snemma árs 2007 um að taka árlega á móti hópi flóttamanna hingað til lands. Með ákvörðuninni hefur Ísland slegist í hóp annarra Norðurlandabjóða um að taka á móti flóttamönnum á hverju ári. Íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti 481 flóttamanni frá árinu 1956 í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Rauða kross Íslands og sveitarfélög í landinu, þar af 277 frá 1996 í 20 til 30 manna hópum.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar er mikilvægt skref í að bæta fyrirkomulag Íslendinga við móttöku flóttamanna. „Við hjá Rauða krossinum teljum að ferlið verði skilvirkara nú þegar búið er að tryggja samfelli í móttöku flóttamanna. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar auðveldar einnig alla skipulagningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem árlega biður ríki heims um að veita tugum þúsunda flóttamanna öruggt skjól,“ segir Kristján Sturluson framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

Flóttafólki hefur gengið mjög vel að aðlagast á Íslandi og hafa vinnubrögð hérlandis við móttöku flóttafólks vakið eftirtekt Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Flóttamannastofnunin vill kanna hvort sú aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir hér á landi verði nýtt sem fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Bæði eru það vinnubrögð stjórnvalda og sveitarfélaga en ekki síst starf sjálfbóðaliða Rauða krossins sem hafa verið flóttamönnum stöð og stytta við komuna til Íslands.

TUTTUGU OG SJÖ DEILDIR VORU MEÐ STARF HEIMSÓKNAVINA. Í LOK ÁRS VORU HEIMSÓKNAVINIR Á VEGUM DEILDA UM 300 OG FJÓLDI GESTGJAFJA UM ÞAÐ BIL 350 MANNS. ALLS VORU HALDIN 26 NÁMSKEIÐ FYRIR HEIMSÓKNAVINI UM ALLT LAND.

HALDIN VORU NÍU GRUNNNÁMSKEIÐ FYRIR SJÁLFBÓDALIÐA UM LANDIÐ MEÐ YFIR ÞRÚJÓ HUNDRUÐ ÞÁTTAKENDUM. Á NÁMSKEIÐUNUM ER FARIÐ Í UPPHAF OG SÖGU RAUÐA KROSSINS, HUGSJÓNIR HREYFINGARINNAR OG HELSTU VERKEFNI INNANLANDS OG ERLANDIS.

ALLS SÖFNUDUST UM 1.250 TONN AF FATNAÐI.

## Í takt við tímann – nýjar áherslur í starfi Rauða krossins



Jón Guðmundsson og Anna Valdís Einarsdóttir skemmtu gestum Kjósarsýsludeildar með fögru flautuspíli.



Deildir á Vestfjörðum héldu námskeið fyrir nýja heimsóknavini.

„Byggjum betra samfélag“ er heitið á endurskoðaðri stefnu Rauða krossins til ársins 2010 sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í maí. Stefnan tekur mið af breyttum aðstæðum sem má merkja í íslensku samfélagi. Þar er rík áhersla lögð á að félagið vinni gegn félagslegri einangrun og sinni verkefnum sem efla innflytjendur og gagnkvæma aðlögun þeirra og þjóðfélagsins. Eitt meginverkefni Rauða krossins á næstu árum verður að efla starf heimsóknavina Rauða krossins og að þeir verði starfandi hjá öllum deildum innan tveggja ára.

Þá var einnig sett í öndvegi að kynna sérstaklega verkefni Rauða krossins innanlands enda hefur komið í ljós að almenningur þekkir lítið til öflugs starfs sjálfbóðaliða félagsins hérlandis en tengir starfsemi félagsins einkum við neyðaraðstoð úti í heimi.

„Stefna Rauða krossins er að miða verkefni sín innanlands við þarfir þeirra hópa sem minnst mega sín hverju sinni og hafa fæst úrræði til úrbóta. Félagið á að vera lifandi með því að fylgjast með tíðarandanum og sinna þörfum þeirra sem á þurfa að halda en ekki vera stofnun með staðnað hlutverk,“ segir Ómar H. Kristmundsson, formaður Rauða kross Íslands.

### Áhersla á samráð innan félagsins um mótun nýrrar stefnu

Við endurskoðun stefnunnar var byggt á niðurstöðum könnunar Rauða krossins, Hvar þrengir að? frá árinu 2006 um stöðu þeirra hópa sem minnst mega sín en félagið hefur látið gera slíkar kannanir reglulega um árabíl. Niðurstöðurnar sýndu að kjör þeirra sem minnst mega sín hafi sist farið batnandi á síðustu sex árum og að margir búi við fátækt, fordóma og einsemd.

Rauði krossinn hélt málefnaþing um niðurstöður könnunarinnar í maí árið 2006. Í kjölfarið hófst vinna við að móta nýja stefnu félagsins og leita leiða með sjálfbóðaliðum til að það geti best aðstoðað þar sem þörfin er mest. Fjallað var um stefnuna á svæðisfundum og einnig komu deildir Rauða krossins saman í lok mars til að fjalla um áherslubreytingar.

### Umfangsmikil kynning á starfi Rauða krossins innanlands

Félagið stóð fyrir víðfeðmri kynningu á verkefnum félagsins í október, meðal annars til að ýta úr vör nýjum áherslum í stefnunni. Sjálfbóðaliðar um allt land sýndu og sönnuðu samtakamátt hreyfingarinnar og komu starfi félagsins á framfæri með fjölbreyttum en þó markvissum hætti.

Tilgangurinn með kynningarvirkunni var fyrst og fremst að beina kastljósinu að því umfangsmikla starfi sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins vinna á hverjum degi um land allt og kynna þeim sem gætu nýtt sér þjónustu félagsins hver hún er. Jafnframt var markmiðið að skapa stemningu meðal almennings og fyrirtækja um að styðja starfið innanlands og að efla þjónustu við skjólstaðinga félagsins. Þá var markmiðið að fjölga sjálfbóðaliðum í verkefnum Rauða krossins.



Grunnskólakrakkarnir á Stöðvarfirði heimsóttu Rauða krossinn sem var með opið hús í Brekkunni.

Um 20% íbúa Ólafsfjarðar mættu á þjóðahátíð sem haldin var á Ólafsfirði í kynningarvikunni. Börnin í grunnskólanum sungu á þjóðahátíðinni.



Mjög margar deildir voru með opið hús og ýmis konar uppákomur, aðrar með markaði, námskeið og tónlistarviðburði, svo eitthvað sé nefnt. Sjálfboðaliðar voru áberandi á fjölförnum stöðum, spjölluðu við vegfarendur og dreifðu upplýsingum um starfið. Forseti Íslands tók þátt í kynningunni og heimsótti meðal annars deildir bæði á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Óhætt er að segja að mikil stemning hafi verið meðal sjálfboðaliða um land allt.

### „Ég er sjálfboðaliði“

Upplýsingum um starf deilda í kynningarvikunni var komið á framfæri með margvíslegum hætti. Fréttablað Rauða krossins, Hjálp, var sent í öll hús á landinu og auglýsingaherferð var í gangi alla vikuna.

Margir brugðust við einkunnarorðum auglýsingaherferðarinnar, „Ég er sjálfboðaliði“, því um 650 nýir sjálfboðaliðar gerðu sjálfboðasamning á árinu sem eykur afl Rauða krossins til að efla þjónustu við skjólstaðinga félagsins. Flestir gengu til liðs við Rauða krossinn í kjölfar kynningarvikunnar en í árslok voru sjálfboðaliðar orðnir fleiri en 2000. Mest varð fjölgunin í Reykjavík og þá sérstaklega meðal ungs fólks. Flestir sjálfboðaliðar höfðu áhuga á að koma að starfi heimsóknavina með ýmsum hætti en í kynningarvikunni hafði einmitt verið lögð áhersla á að kynna verkefni til að rjúfa félagslega einangrun.

Alls urðu 42% landsmanna varir við auglýsingar, kynningar og fjölmiðlaumfjöllun um Rauða krossinn þessa viku samkvæmt viðhorfskönnun Capacent Gallup sem gerð var í framhaldi. Auglýsingaherferðin var alfarið kostuð af þremur fyrirtækjum og var SPRON stærsti styrktaraðilinn en Baugur og Alcan veittu einnig veglega styrki.

„Þetta er í fyrsta sinn sem slík kynning er haldin og við teljum að markmiðum hennar hafi verið náð. Það náðist til tæplega helmings landsmanna, sjálfboðaliðum fjölgaði mikið og stuðningur fyrirtækja jókst. Jafnframt tókst að efla þjónustu við skjólstaðinga félagsins þar sem fleiri sjálfboðaliðar eru nú til að sinna þeim,“ segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins. „Það er því óhætt að segja að reynslan af kynningarvikunni á innanlandsstarfi félagsins sé góð og ástæða sé til að gera hana að föstum viðburði annað hvert ár á móti Göngum til góðs.“



Shyamali Ghosh, Guðrún Finnbogadóttir, Sígurbjörg Jónsdóttir og Nikulás Nói Bjarnason dreifðu bæklingum á Akranesi og kynntu innanlandsstarf Rauða krossins.



Forsetahjónin heilsuðu gestum í Kringlunni og dreifðu til þeirra bæklingum um Rauða krossinn.



Sönghópur heimsóknavina hjá Grindavíkurdeild tók lagið í verslunarmiðstöðinni í Grindavík.

**SEXTÁN DEILDIR VORU Í VERKEFNINU „FÖT SEM FRAMLAG“ OG BÁRUST RÚMLEGA 1500 FATAPAKKAR FRÁ DEILDUM. EINNIG BARST MIKIÐ MAGN AF PRJÓNAVÖRUM SEM SAUMA- OG PRJÓNAHÓPAR FRAMLEIÐA.**

ALLS SÓTTU 42 EINSTAKLINGAR UM HÆLI HÉR Á LANDI.

HAUSTFAGNAÐUR ELDRI BORGARA VAR HALDINN Í FÉLAGSHEIMILINU Á FÁSKRÚÐSFIRÐI EN VERKEFNIÐ ER SAMVINNUVERKEFNI BREIÐDALSDAILDAR, FÁSKRÚÐSFJARÐARDEILDAR OG STÖÐVARFJARÐARDEILDAR. 75 MANNS MÆTTU Á FAGNAÐINN.



MÁNI ATLASON,  
SJÁLFBODALÍÐI HJÁ HJÁLPARSIÐMANUM





## Aukið starf með innflytjendum og í þágu þeirra

**Starf með innflytjendum jókst til muna á árinu í samræmi við endurskoðaða stefnu félagsins um málefni innflytjenda. Unnið hefur verið markvisst að því að fá fleiri innflytjendur til starfa í stjórnnum og nefndum félagsins. Þannig er reynt að láta félagið smám saman endurspeglar hið fjölmenningslega samfélag sem Ísland er orðið. Þá var meðal annars haldið málþing um málefni ungs fólks af erlendum uppruna og stjórn Rauða krossins setti á stofn ráðgjafarhóp innflytjenda.**

### Stuðningur og ráðgjöf við verkefni

Á fundi stjórnar Rauða krossins um vorið var samþykkt að veita 45 milljónum til deilda félagsins vegna verkefna á sviði innflytjendamála. Stjórn Rauða kross Íslands skipaði ráðgjafarhóp innflytjenda til eins árs. Verkefnisstjóri í málefnum innflytjenda hjá landsskrifstofu starfar með hópnum sem er stjórninni til ráðgjafar varðandi verkefni sem tengjast fjárveitingu úr sjóði vegna innflytjendaverkefna. Hlutverk hópsins er að leggja mat á umsóknir og gera tillögur um úthlutun fjárveitingar. Einnig er það hlutverk hópsins að aðstoða deildir við mat á árangri verkefna.

Verkefnið „Félagsvinur – mentor er málið,“ er eitt þeirra verkefna sem fékk fjárveitingu á árinu en það er staðsett hjá Garðabæjardeild. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á nokkurs konar námssambandi milli tveggja kvenna sem báðar njóta góðs af, önnur er frá heimalandinu (mentor) og hin er af erlendum uppruna (mentee). Þannig eru tengdar saman innlendir konur og konur af erlendum uppruna sem geta skipst á upplýsingum og þekkingu á jafningja-grundvelli. Á árinu mynduðust 13 slík pör.

Akranesdeild hefur sett á stofn upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur og fékk fjárveitingu til að auka þar þjónustu við Pólverja og skapa traustan grundvöll til gagnkvæmrar aðlögunar. „Við réðum pólskumælandi starfsmann til að veita Pólverjum ráðgjöf og upplýsingar og vinnum að því að byggja upp bókasafn þar sem tekið er mið af tungumálum innflytjenda á Akranesi en meirihluti þeirra er frá Póllandi,“ segir Sveinn Kristinsson, formaður

Akranesdeildar. „Bókasafnið þarf einnig að búa yfir safni erlendra orðabóka, tímarita og dagblaða sem nýtist fólki af erlendum uppruna, bæði til að fræðast um íslenskt samfélag og til að geta fylgst með málum á eigin tungu.“ Gert er ráð fyrir samstarfi við bókasafn Grundaskóla. Einnig verður keypt kennsluforrit og kennsluspil fyrir börn og fullorðna í tungumálanámi.

Einnig fékk verkefni fjárveitingu sem gengur út á að fjölga iðkendum úr hópi barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi og bæta líðan annarra sem koma að starfinu. Þá á að auka faglega hæfni og auka virkni foreldra af erlendum uppruna og hjálpa þeim að fylgjast með börnum sínum. Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurdeldar Rauða krossins og Alþjóðahússins. Alþjóðahúsið sér um framkvæmdina en Reykjavíkurdeldin leggur verkefninu til fjármagn og sjálfbóðaliða. Þá byggir verkefnið á samvinnu við íþróttafélögin.

Unnið var með deildum að málsvarastarfi innflytjenda í samræmi við stefnu og ályktanir félagsins. Í síauknum mæli hafa deildir leitað eftir ráðgjöf, aðstoð og fræðslu um verkefni sem tengjast innflytjendum og stuðla að aukinni samfélagslegri þátttöku þeirra. Allmargir einstaklingar af erlendum uppruna leituðu eftir aðstoð Rauða krossins vegna ýmissa mála.

### Framtíð okkar í nýju landi

Félagið átti tvo fulltrúa í verkefnisstjórn „Framtíð í nýju landi“. Verkefnið er þriggja ára tilraunaverkefni sem hafði að markmiði að aðstoða vietnömsk

ungmenn á aldrinum 15 til 25 ára við að afla sér menntunar og skipuleggja líf sitt í þeim tilgangi að gera þau virkari í íslensku samfélagi. Alls voru um 35 vietnömsk ungmenni sem hófu þátttöku í verkefninu en í apríl voru virkir þátttakendur 11 talsins. Í upphaflegri áætlun var stefnt að því að vinna með 10 til 15 einstaklingum. Verkefninu lauk 1. desember.

Rauði kross Íslands stóð að undirbúningi og skipulagningu málþings fyrir ungt fólk af erlendum uppruna sem haldið var þann 24. september. Yfirskrift málþingsins var „Framtíð okkar í nýju landi“ og bar það undirtitillinn „Erum við Íslendingar?“ Málþingið fór fram í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð. „Meginmarkmiðið var að láta rödd ungmenna, sem hafa flust hingað til lands og eiga hér heima, heyrast og auka þannig skilning milli þeirra og annarra landsmanna,“ segir Anh-Dao Tran verkefnisstjóri Framtíðar í nýju landi og stjórnarmaður í Reykjavíkurdeld Rauða krossins. „Þarna gafst ungu fólki á aldrinum 16 til 25 ára tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri um hvernig hægt sé að byggja framtíð Íslands með tilliti til allra sem hér búa óháð uppruna og stuðla þannig að heilbrigðu umhverfi fyrir samfélagið sem heild.“

### Áherslur í stefnu félagsins á málefni innflytjenda

Í stefnu félagsins sem var endurskoðuð á árinu er lögð mun meiri áhersla en áður á málefni innflytjenda. Þar er tekið mið af þeim breyttu aðstæðum sem nú má merkja í íslensku samfélagi, samkvæmt niðurstöðum landskönnunarinnar „Hvar þrengir að?“ frá árinu 2006. Félagið byggir þar á rannsóknnum sem unnar hafa verið reglulega um hag þeirra hópa sem minnst mega sín. Það sem einkennir stefnuna meðal annars er aukin áhersla á að ná til innflytjenda og virkja þá til þátttöku í starfi félagsins, auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi og þróa verkefni sem taka mið af málefnum þeirra innflytjenda sem standa höllum fæti.



KAMILLA GUÐMUNDSDÓTTIR,  
HEIMSÓKNVINUR



## Fjöldi heimsóknavina tæplega tvöfaldaðist á einu ári

**Heimsóknavinum fjölgaði um rúmlega 93% á árinu og fjöldi gestgjafa tvöfaldaðist. Fjölgunin varð mest á síðari hluta ársins, þá sérstaklega eftir kynningarviku á félagslegum verkefnum Rauða krossins þar sem starf heimsóknavina var vel kynnt. Í stefnu Rauða krossins segir að árið 2012 muni allar deildir Rauða krossins bjóða upp á þjónustu heimsóknavina.**

Árið 2006 voru heimsóknavinir 209 talsins en 404 árið 2007. Á sama tíma fjölgaði gestgjöfum úr 200 yfir í 400 á einu ári. Deildum sem eru með verkefnið hefur fjölgað jafnt og þétt. Árið 2001 voru sjö deildir með verkefnið í gangi, árið 2006 voru þær 22 en í lok árs 2007 voru þær orðnar 27.

Markmið heimsóknavina er að heimasækja fólk á öllum aldri sem býr við einsemd og félagslega einangrun. Ástæður einsemdar geta verið margvíslegar en aðstæður og upplag geta orðið þess valdandi að fólk missir samband við umheiminn og einangrast. Það getur svo reynst erfitt að rjúfa vítahring einsemdarinnar þrátt fyrir að við höfum öll þörf fyrir mannlega snertingu og félagskap.

Niðurstöður landskönnunar Rauða kross Íslands, „Hvar þrengir að?“, sem gerð er á fimm ára fresti og síðast árið 2006, sýnir að félagsleg einangrun fólks er vaxandi vandamál í samfélaginu. Þess vegna er starf heimsóknavina eitt af áhersluverkefnum Rauða krossins og hefur verið það síðan árið 2000.

### Heimsóknavinum með hund fjölgar

Að öllu jöfnu er farið í heimsóknir til ungra jafnt sem aldraðra um landið allt, inn á einkaheimili, stofnanir og sambýli svo eitthvað sé nefnt. Einnig er farið í heimsóknir til hælisleitenda, fanga og geðfatlaðra. Verkefnið hefur hins vegar tekið á sig ólíkar myndir eftir aðstæðum í hinum ýmsu byggðum landsins. Hefðbundna mynd af starfi heimsóknavina má svo sjá víða og sem dæmi má nefna að í Kópavogi sinna sjálfbóðaliðar jafnt heimsóknum á einkaheimilum og hjúkunarheimilinu Sunnuhlíð auk sambýla aldraðra.

Þá verður sífellt vinsælla hjá gestgjöfum að fá heimsóknavin með hund en það verkefni fór af stað árið 2006. Heimsóknavinum með hund hefur fjölgað úr níu í tuttugu milli ára. Það getur gert kraftaverk fyrir manneskju sem á erfitt með að tengjast öðru fólki að fá hund í heimsókn. Einnig vekur það mikla gleði fólks á stofnunum, til dæmis á hjúkunarheimilum, þegar hundur birtist með eiganda sínum á göngunum. Fólk sprettur upp úr rúmum og sætum, fer að kjá framan í hundinn og spjalla saman sem einmitt er markmiðið með heimsóknunum. Það þarf undanþágu hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til þess að fá að koma með hunda inn á stofnanir en hingað til hefur það verið auðsött.

### Syngjandi heimsóknavinir

Heimsóknavinir í Grindavík hafa stofnað sönghóp sem kalla sig Friðarliljurnar. Þessar vösku konur, sem mynda sönghópin, syngja og spila fyrir gestgjafa sína. Hróður þeirra spyrst víða út og eru þær byrjaðar að koma fram við ýmsar uppakomur hjá Rauða krossinum. „Við byrjuðum að syngja fyrir aldraða á Víðihlíð í Grindavík fyrir jólin árið 2003. Eftir það vorum við beðnar um að syngja í afmælum en svo leiddi eitt af öðru og síðastliðin tvö eða þrjú ár höfum við farið einu sinni í mánuði í Víðihlíð til að syngja,“ segir Birna Zhopaniásdóttir heimsóknavinur. „Við erum tíu sem syngjum og leikum á gítar og harmoniku. Nýverið vorum við beðnar um að spila fyrir heimsóknavini í Kópavogi og fyrir skömmu komum við fram í Reykjaneshöllinni í Keflavík og sungum fyrir aldraða þar. Nú er svo komið að við erum gjarnan pantaðar í afmæli eldri borgara og bregðumst að sjálfsögðu vel við því,“ segir Birna.

Þegar forsetinn kom í heimsókn til Grindavíkurdeildar í kynningarvikunni í haust voru Friðarliljurnar beðnar um að syngja. „Við höfðum heyrt af því að hann væri frekar tímabundinn og þjuggumst ekki við að geta sungið allt prógrammið fyrir hann. En hann gaf sér góðan tíma og við kláruðum söngskrána. Eftir það vorum við beðnar um að syngja í verslunarmiðstöðinni og þegar við mættum þar var forsetinn kominn þangað. Hann gaf sér góðan tíma til að hlusta á okkur aftur þó svo að við margsegðum við hann að við vissum að hann væri tímabundinn og að við myndum ekki móðgast þó hann færi áður en við kláruðum prógrammið. Þrátt fyrir það hreyfði hann sig ekki fyrr en við höfðum klárað prógrammið,“ segir Birna.

### Námskeið og stuðningur

Áður en heimsóknavinur fer til gestgjafa þarf hann að fara á undirbúningsnámskeið sem tekur eina kvöldstund. Þar er sjálfbóðaliðum kynnt hlutverk heimsóknavina og þær reglur sem þeir og gestgjafarnir þurfa að fara eftir. Í fyrsta lagi þarf gestgjafinn að vilja fá heimsóknavin og reynt er að velja saman fólk sem líklegt er að eigi vel saman. Hópstjóri verkefnisins í hverri deild fylgir heimsóknavini í fyrstu heimsókn til gestgjafa og fylgist síðan með gangi mála. Yfirleitt ganga samskipti heimsóknavina og gestgjafa snurðulaust fyrir sig og oftar en ekki myndast fólkskvalaus vinátta á milli þeirra.

ÁTTA DEILDIR VORU MÆTAR MÖRNUM OG UNGMENNUM.

UM 140 NÁMSKEIÐ Í SKYNDIHLJÁLP VORU HALDIN FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR.

VINUSTUNDIR SJÚKRAVINA KVENNAEILDAR REYKJAVÍKURDEILDAR Í BÓKASÖFNUM, SÖLUBÚÐUM Á SJÚKRAHÚSUM OG VIÐ FÖNDUR VORU SAMTALS 11.440.



**SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR, SJÁLFBÓÐALIDI Í  
UNGMENNASTARFI OG FÖT SEM FRAMLAG**



# Fjölbreytt verkefni hjá Ungmennahreyfingunni

**Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands (URKÍ) stóð fyrir vel heppnuðu landsmóti á Kjalarnesi og stofnaði nefndir um helstu málaflokka ungmennastarfs. Fjölbreytt ungmennastarf er hjá nokkrum deildum og er megináherslan lögð á umburðarlyndi, fjölmenningu og betra samfélag.**

Landsmót Ungmennahreyfingar Rauða krossins var haldið fyrstu helgina í október á Kjalarnesi. Um 50 þátttakendur á aldrinum 13 til 16 ára, víðsvegar af landinu, tóku þátt í því. Meginþema mótsins var flóttamenn í heiminum. Unnið var að ýmsum verkefnum sem flest tengdust málefnum flóttamanna og stöðu þeirra. Ungmennin náðu þannig að skyggjast aðeins inn í heim tuga milljóna manna sem búa við flotta og ööryggi, jafnvel svo árum skiptir.

„Markmiðið með verkefnunum á landsmótinu var að draga úr fordómum þátttakenda og fá unga sjálfbodaliða Rauða krossins til að skilja betur aðstæður þess fólks sem þarf að yfirgefa heimalandið sökum ofsókna og setjast að á okunnum slóðum,“ segir Jón Þorsteinn Sigurðsson, formaður URKÍ. „Þar sem hópar unglunga koma saman þarf að vera gaman og gildir það að sjálfsögðu einnig um landsmót URKÍ. Þrátt fyrir þungt og alvarlegt málefni var dagskráin létt og skemmtileg og hún var reglulega brotin upp með leikjum, kvöldvökum, lífi og fjöri.“

## Fjölbreytt ungmennastarf hjá deildum

Nokkrar deildir Rauða kross Íslands standa að fjölbreyttu ungmennastarfi. Í flestum tilfellum er unnið með verkefni sem miðast við að draga úr fordómum hjá ungu fólki. Þar má nefna verkefnið Lifandi bókasafn sem ungir sjálfbodaliðar hjá Hafnarfjarðardeild stóðu að í tengslum við Þjóðahátíð í byrjun sumars. Þá var almenningi gefinn kostur á að taka sér „lifandi bók á leigu“ og fræðast um innihald hennar. Bækurnar voru í raun einstaklingar sem tilheyra sumum af þeim hópum sem búa við fordóma. Annað verkefni af svipuðum toga er verkefnið „Hentu fordómum í ruslið“ hjá Reykjavíkurdeild. Ungir sjálfbodaliðar gengu um miðbæinn á

menningarnótt með ruslatunnur og gáfu fólki kost á að skrifa á blað eitthvað sem það hefur fordóma fyrir og henda svo „fordómumunum í ruslið“.

Eldhugar er hópur unglunga hjá Kópavogsdeild af ýmsum þjóðernum sem vinna að því að byggja betra samfélag í Kópavogi og hafa í heiðri hugtök eins og virðingu, vináttu og umburðarlyndi. Þeir heimsóttu meðal annars myndver Latabæjar og innflytjendaútvarpið sem starfrækt var í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði og var boðið í ferð ásamt öðrum ungmennum í Rauða kross starfi á höfuðborgarsvæðinu í Alvíðru þar sem gíst var eina nótt. Eldhugar fengu hip hop dansara í heimsókn sem kenndi þeim nokkur spor og sagði þeim frá uppruna dansins og leiklistarnema sem kenndi þeim eitt og annað varðandi viðtöl, söng og leiklistaratriði.

Nýstofnaður skyndihjálparhópur ungmenna á Austurlandi tók þátt í umfangsmiklu hjálparstarfi vegna alvarlegs rútuslyss sem átti sér stað á Fljótssdal seinni hluta sumars með því að veita farþegum í rúttunni skyndihjálpar og sálrænan stuðning í fjölda-hjálparstöðinni á Egilsstöðum. Auk þess sinnti hópurnir sjúkragæslu á ýmsum mannámótum. Skyndihjálparhópur ungmennadeildarinnar í Reykjavík tók meðal annars þátt í sjúkragæslu á Smáþjóðaleikum í Mónakó í boði Rauða krossins í Mónakó.



## Stjórn URKÍ

Stjórn Ungmennahreyfingar Rauða krossins leitast við að hafa yfirsýn yfir ungmennaverkefni deilda auk þess að halda utan um sameiginleg verkefni, svo sem landsmót og sumarbúðir. Stjórnin stofnaði á árinu þrjár málefnanefndir sem eiga að vera stjórn til ráðgjafar um helstu viðfangsefni. Þær eru verkefnanefnd, alþjóðanefnd og ritnefnd. Nefndirnar eru tilvalinn vettvangur fyrir áhugasama sjálfbodaliða til að hafa áhrif á störf og áherslur URKÍ. Verkefnanefnd heldur utan um viðburði innanlands á vegum Ungmennahreyfingarinnar og sér meðal annars um framkvæmd landsmótsins. Alþjóðanefnd sérhæfir sig í alþjóðlegu samstarfi ungmennahreyfinga Rauða krossins og sendi meðal annars fulltrúa á samstarfsvettvang ungmennahreyfinga Rauða kross félaga í Evrópu, sem haldinn var í Brussel. Þá sótti formaður URKÍ aðalfund Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Ritnefnd heldur utan um útgáfu og kynningarmál Ungmennahreyfingarinnar svo sem vefsíðu og blogg síðu.



**FIMM SKYNDIHJÁLPARHÓPAR VORU AÐ STÖRFUM.**

INGIBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR FRÁ AKRANESI HÆTTI SEM FORMAÐUR UNGMENNAREYFINGARINNAR OG JÓN ÞORSTEINN SIGURÐSSON FRÁ SAUÐÁRKRÖKI TÓK VIÐ AF HENNI Á LANDSFUNDI Á AKUREYRI.

**TÓLF ÞRÍÓNAHÓPAR VORU STARFANDI HJÁ JAFNMÖRGUM DEILDUM.**

SJÁLFBODALIDAVEFUR FÉLAGSINS VAR TEKINN Í NOTKUN.



DANIEL NÉMETH, SJÁLFBOÐALIDI Í VIN,  
ATHVARFI FYRIR GEÐFATLAÐA

# Ný fjölsmiðja á Akureyri - vinnusetur fyrir ungt fólk

**Fjölsmiðja var stofnuð á Akureyri í júlí en henni er ætlað að aðstoða ungt fólk á Eyjafjarðarsvæðinu sem hefur ekki náð að fóta sig á vinnumarkaði eða flosnað upp úr skóla. Ungmennunum er hjálpað við að finna sér stað í lífinu og byggja sig upp fyrir framtíðina. Starfið byggist á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi.**

Mikil þörf er á úrræði fyrir ungt fólk á Eyjafjarðarsvæðinu á aldrinum 16 til 24 ára sem lendir í síendurteknu atvinnuleysi, til dæmis vegna reynsluleysis, menntunarskorts, félagslegra og/eða andlegra vandamála. Um 25% allra sem eru á atvinnuleysis-skrá á svæðinu tilheyra þessum aldurshópi. Í Fjölsmiðjunni er verkþátturinn virkjaður svo unga fólk íð fái þjálfun og reynslu sem leiði til frekara náms eða geri það í stakk búið til að fara út á almennan vinnumarkað. Leitast er við að styrkja hvern og einn, bæði félagslega og námslega, og gera einstaklinga virkari í sínu samfélagi.

Starfsemin hófst á haustmánuðum og voru um sjö ungmenni að störfum um áramótin. „Þá voru nokkur verkefni komin á laggirnar, s.s. bílaþvottur, nytjamaarkaður og nokkur viðgerðaverkefni, auk eldhúss sem verið var að koma upp. Fyrstu vikunar fóru að megninu í að gera húsnæðið í stand, hólfa það og gera tilbúið til reksturs,“ segir Erlingur Kristjánsson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar á Akureyri.

## Byggt á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi


Stefnt er að því að þátttakendur í Fjölsmiðjunni á Akureyri verði á bilinu 12 til 17 talsins og eru allar líkur á að þörf sé fyrir svo marga og jafnvel fleiri í náninni framtíð. Byggt verður á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi sem starfað hefur frá árinu 2001 og hefur sannað ágæti sitt. Deildir innan Fjölsmiðjunnar í Kópavogi eru orðnar átta en mikil og góð þróun hefur átt sér stað frá fyrstu starfsdögum. Á síðasta ári voru þar skráðir alls 120 nemar en í árslok voru þeir 68 talsins. Afdrif nemenda á árinu má sjá í kökuritinu hér til hliðar.

Fjölsmiðjan í Kópavogi var stofnuð að frumkvæði Rauða kross Íslands sem lagði fram stofnfé ásamt Vinnumálastofnun. Stofnaðilar, auk Rauða krossins og Vinnumálastofnunar, voru félagsmálaráðuneytið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Þá leggur menntamálaráðuneytið fram rekstrarfé.

Stofnfundur Fjölsmiðjunnar á Akureyri var haldinn 9. júlí eftir að undirbúningshópur hafði starfað í nokkra mánuði. Stofnaðilar að Fjölsmiðjunni á Akureyri eru Rauði krossinn, Akureyrarbær, Vinnumálastofnun, Eining-Iðja, og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Stofnfé Fjölsmiðjunnar er 31 milljón króna. Rauði krossinn leggur til 15 milljónir króna í stofnkostnað Fjölsmiðjunnar, Akureyrarbær leggur til 10 milljónir, Vinnumálastofnun fimm milljónir og menntamálaráðuneytið tvær milljónir króna.

Húsnæði Fjölsmiðjunnar er að Óseyri 1a Akureyri.

## Afdrif nema 2007



FIMM DEILDIR VORU MEÐ SJÁLFBOÐIÐ STARF METIÐ TIL EINGA Í FRAMHALDSSKÓLUM.

**23 DEILDIR HÉLDU NÁMSKEIÐIÐ BÖRN OG UMHVERFI OG VORU MARGAR ÞEIRRA MEÐ FLEIRI EN EITT NÁMSKEIÐ.**

## Alþjóðastarfið í hnotskurn

**Rauði kross Íslands sinnti á árinu bæði þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð erlendis eins og verið hefur undanfarna áratugi.** Þróunarsamvinnan beindist að þrenns konar verkefnum sem voru: **heilbrigðisverkefni** í þágu fjölskyldna sem líða vegna sjúkdóma eins og alnæmis, **félagsleg verkefni** í þágu barna og ungmenna sem líða vegna fátæktar og vopnaðra átaka og **uppbygging** á starfi deilda, landsfélaga og Alþjóðasambands Rauða krossins. Neyðaraðstoðin var af tvennum toga: aðstoð vegna **vopnaðra átaka** og aðstoð vegna **náttúruhamfara**.



### Þróunarsamvinna

- **Heilbrigðisverkefni**

Haldið var áfram að byggja upp heilsugæslu í Mósambík. Alnæmissmitaðir fengu stuðning og heima-hlynningu í Malaví og Suður-Afríku.

- **Félagsleg verkefni**

Stutt var við tvö barnaathvörf í Mósambík. Börn sem lentu í eða tóku þátt í borgarstjórldinni í Sierra Leóne fengu endurhæfingu. Í Palestínu fengu börn sálrænan stuðning vegna átakanna þar.

- **Uppbygging á starfi deilda, landsfélaga og Alþjóðasambands Rauða krossins**

Nánast allar deildir félagsins voru í vinadeildasamstarfi við systurdeildir í Afríku, þ.e. í Gambíu, Malaví, Mósambík og Suður-Afríku. Fjármagni var varið til að efla þau sex landsfélög sem starfað var með að þróunarsamvinnu. Sendifulltrúar störfuðu við að efla og þróa Rauða kross félög í vestan-, austan- og sunnanverðri Afríku auk Mongólíu.



### Neyðaraðstoð

- **Aðstoð vegna vopnaðra átaka**

Fjármagn var veitt til hjálparstarfs á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins vegna stríðsátaka í Afganistan, Írak, Palestínu, Sómalíu og á Srí Lanka. Auk þess starfaði sendifulltrúi á vegum Alþjóðaráðsins í Búrúndí.

- **Aðstoð vegna náttúruhamfara**

Fjármagni var veitt til hjálparstarfs á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans vegna fellibylja í Bangladess, á Filippseyjum og í Mið-Ameríku og vegna flóða í Úganda. Einnig var fé veitt til hjálparstarfs vegna fellibylja og flóða í Pakistan og í Mósambík og vegna flóðbylgju sem skall á Salómonseyjum. Sendifulltrúar voru að störfum vegna náttúruhamfaranna í Mósambík og Pakistan auk matvælaaðstoðar í Malaví.



**FLEST VERKEFNI SEM SENDIFULLTRÚAR RAUÐA KROSS ÍSLANDS STÖRFUÐU AÐ VORU Á SVIDI UPPBYGGINGAR OG ÞRÓUNAR LANDSFÉLAGA.**

RAUÐI KROSS ÍSLANDS HEFUR FRÁ ÁRINU 2002 VERIÐ Í SAMSTARFI VIÐ RAUÐA KROSS SUÐUR-AFRÍKU UM AÐSTÖÐ VIÐ ALNÆMISSJÚKA Í ÚTHVERFUM KIPBERLEY Í NORTHERN CAPE, EINU FÁTÆKASTA HÉRAÐI LANDSINS. AÐ JAFNAÐI VORU UM 500 SKJÓLSTÆÐINGAR HEIMSÓTTIR REGLULEGA OG UM 340 BÖRN, SEM ÞJÁST VEGNA ALNÆMIS, FENGU STUÐNING.





Neyðarástoð og þróunarsamvinna

## Mósambík:

# Neyðin kennir naktri konu að spinna

**Mjög oft sjást fréttir í fjölmiðlum um neyð og náttúruhamfarir úti í heimi. Þá hugsar fólk kannski sem svo að fátt sé til ráða. Höfum við til dæmis ekki heyrt oft áður um flóð í sunnanverðri Afríku þar sem margir deyja og þúsundir manna missa heimili sín? Er ástandið ekki alltaf jafn slæmt og er ekki lítið við þessu að gera?**

Mósambík er dæmi um land þar sem hafa orðið miklar framfarir í neyðarvörnum – og einnig í neyðarástoð. Aldamótaárið 2000 urðu þar mikil flóð, nær 700 manns létu lífið og um 650 þúsund manns misstu heimili sín. Í byrjun árs 2007 urðu þar einnig mikil flóð en enginn lét lífið og mun færri urðu heimilislausir, þ.e. um 107 þúsund manns.

Hvers vegna? Jú, flóðin voru sambærileg að umfangi en hins vegar hafa orðið gríðarlegar framfarir á þessum sjö árum. Þeir sem stjórna almannavörnum í landinu hafa dregið lærdóm af hamförum fyrri ára. Rauði krossinn í Mósambík hefur einnig eflst til muna á undanförunum árum og er nú betur í stakk búinn til að vara fólk við yfirvofandi hamförum og aðstoða þá sem verða fyrir barðinu á þeim. Neyðin hefur kennt naktri konu að spinna – eins og segir í gömlum íslenskum málshætti.

„Óhætt er að segja að neyðarvarnir og neyðarástoð Rauða krossins hér hafi tekið miklum stakkaskiptum á fáeinum árum,“ segir Nína Helgadóttir en hún var að störfum í Mósambík fyrir Rauða kross Íslands þegar flóðin stóðu sem hæst á árinu og fylgdist því með hjálparstarfi mósambíska Rauða krossins.

Nína segir að komið hafi verið upp mjög víðtæku aðvörunarkerfi þar sem fólk sé látið vita eins fljótt og auðið er þegar flóð eru í uppsiglingu. Fólk, sem þarf að yfirgefa heimili sín vegna flóða, sé nú aðstoðað við að koma sér fyrir til frambúðar á svæðum þar sem ekki er hætta á flóðum eða öðrum meiriháttar náttúruhamförum. Áður hafi fólk hafst við í nokkurs konar flóttamannabúðum nálægt flóðasvæðunum – jafnvel mánuðum saman.

„Rauði krossinn í Mósambík stóð sig mjög vel í flóðunum og um 600 sjálfbóðaliðar á vegum hans voru óþreytandi við að aðstoða fólk og fræða það um hvernig megi koma í veg fyrir að ýmsir skæðir smitsjúkdómar eins og til dæmis kólera brjótist út,“ segir Nína. Hún bætir við að sjálfbóðaliðar gegni lykilhlutverki í starfi Rauða krossins – jafnt í Mósambík sem á Íslandi.

Rauði kross Íslands hefur undanfarið áratug starfað að náið með Rauða krossinum í Mósambík. Markmiðið með samstarfinu er að heima fólk, þ.e. sjálfbóðaliðar og starfsfólk Rauða krossins þar í landi, geti sinnt þeim verkefnum sem eru mest aðkallandi – hvort sem er við að veita neyðarástoð eða að byggja upp heilsugæslu í landinu.



Íslenski Rauði krossinn hefur um árabíl stutt heilbrigðisverkefni á vegum Rauða krossins í Mósambík og átt mjög farsælt samstarf um þau við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þegar neyðarástand skapaðist í Mósambík var leitað til deilda félagsins og einnig til ríkisstjórnanna. Deildir Rauða krossins á Íslandi lögðu fram 2,7 milljónir króna og ríkisstjórnin þrjár milljónir. Rauði kross Íslands gat þannig stutt hjálparstarfið með 12,7 milljóna króna framlagi. Einnig starfaði Hólmfríður Garðarsdóttir sem aðgerðarstjóri fyrir uppbyggingarstarfið í Mósambík í kjölfar flóðanna. Hólmfríður er hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir að mennt og var hún að störfum frá maí til októberloka.



Ný heilsugæslustöð, sem Rauði kross Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands reistu ásamt Rauða krossinum í Mósambík, var formlega opnuð á árinu. Ómar H. Kristmundsson, formaður Rauða kross Íslands og Marcelino Alexandre, formaður Rauða krossins í Mósambík, opnuðu stöðina en hún þjónar íbúum sjö þorpa á svæðinu þar sem búa alls um átta þúsund manns. Fólk þurfti áður að fara rúmlega 20 km leið eftir læknaástoð til næsta þéttbýlis, eftir fáförnum vegum þar sem almenningssamgöngur eru mjög strjálar. Á heilsugæslustöðinni er fæðingarstofa, aðstaða til almennrar heilsugæslu og til að meðhöndla algengustu sjúkdóma. Þar er meðal annars veitt mæðra- og ungbarnavernd, fræðsla og ráðgjöf um barneignir ásamt mótefnaþælingum og ráðgjöf fyrir alnæmissmitaða.



## Malaví:

# Góðar fréttir af alnæmis- smituðu fólki

Á árinu bárust góðar fréttir frá Malaví en þar hefur Rauði krossinn starfrækt heimahlyningu fyrir almæmissjúka, aðstoðað munaðarlaus börn sem hafa misst foreldra sína og unnið að forvörnum gegn alnæmi.

Rauði krossinn hér heima hefur í hart nær áratug stutt við bakið á fólki í sunnanverðri Afríku sem er smitað eða hefur veikst af alnæmi. Í fyrstu ríkti vonleysi – á hverju ári létust þúsundir úr sjúkdómnum og þeim fjölgaði stöðugt sem smituðust af alnæmisveirunni.

Nú eru aðrir tímar. Margt sárfátækt fólk í löndunum syðst í Afríku, þar sem smit er hvað útbreiddast, fær nú ódýr alnæmislyf sem koma í veg fyrir að það veikist og deyri. Nú má einnig sjá árangur af margra ára starfi við að fræða fólk um sjúkdóminn og hvernig megi forðast hann.

„Fyrir atbeina Rauða krossins hafa 60% sjúklinga fengið lyfjameðferð,“ segir Ethel Kaimila sem stjórnar innanlandsstarfi Rauða krossins í Malaví. Hún segir að alnæmissmitaðir hafi myndað sjálfshjálparhópa þar sem fólk styður hvert annað og fræði almennig um hvernig megi koma í veg fyrir smit. Rauði krossinn hér heima hefur stutt þetta starf enda er heimafólk best í stakk búið til að finna ráð og hrinda þeim í framkvæmd.

Sjálfshjálparhópunum var í fyrstu komið á fót af starfsfólki Rauða krossins en nú hafa þeir eflst til muna og eru orðnir sjálfstæðari. Þeir hafa til dæmis myndað sín eigin landsamtök til að efla starfið enn frekar. Rauði kross Íslands lagði til fé til að byggja barnaathvörf fyrir munaðarlaus börn og önnur börn sem líða vegna fátæktar og sjúkdóma. Fénu var safnað hér heima í landssöfnuninni „Göngum til góðs“ árið 2006. Börnin fá eina heita máltíð á dag og ýmiss konar stuðning til að þroskast og dafna.

Aðstoðin við alnæmissmitaða í Malaví hefur þannig breyst í takt við þarfirnar. Nú þurfa færri heimahlyningu vegna lyfjanna og þá er hægt að auka aðstoðina við börnin. Og nú á einnig að aðstoða fólk við að rækta matvæli en matvælaskortur er viðvarandi vandamál víða í Malaví. Sjálfshjálparhópunum hefur vaxið fiskur um hrygg og hafa þeir meðal annars útbúið alnæmismerki úr perlum sem Rauði krossinn hér heima selur. Ágóðinn rennur til fólksins í sjálfshjálparhópunum og til að efla starf í þágu alnæmissmitaðra í Malaví.

Rauði krossinn hér heima hefur aðallega starfað með systurfélögum sínum í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku vegna alnæmisvandans. Í þessum þremur löndum hefur Rauði kross Íslands lagt til fé og fólk til að vinna gegn vandanum. Í lok árs var ákveðið að auka enn samstarfið við Rauða krossinn í Malaví og er gert ráð fyrir að það verði með stuðningi frá Próunarsamvinnustofnun Íslands.



**MEIRA STARF Í ÞÁGU BARNNA** Almennigur á Íslandi hefur styrkt myndarlega starf Rauða krossins í Malaví. Fé, sem safnaðist í landsöfnuninni Göngum til góðs síðla árs 2006, var m.a. notað til að reisa þrjú athvörf í Nkalo fyrir börn og unglíngja sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis eða almennrar fátæktar. Í athvörfunum fá yngstu börnin eina heita máltíð á dag, kennslu og andlega uppörvun.

**MALAVÍ** er í suðausturhluta Afríku og þar búa 13,6 milljónir manna. Malaví er meðal fátækustu landa í heimi og má nefna að árið 2007 var landið í 164. sæti af 177 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna. Heilbrigðisvandamál eru fjölmörg en mesta ógnin er alnæmi. Talið er að um 14% fullorðinna séu smituð og um 550 þúsund börn séu munaðarlaus vegna alnæmis.

**AÐSTOÐ VEGNA ALNÆMIS** Rauði kross Íslands styður þjónustu við alnæmissmitaða í Nkalo í héraðinu Chiradzulu. Í Nkalo eru 96 þorp þar sem búa um 36 þúsund manns. Sjálfboðaliðar veita alnæmissjúkum heimahlyningu og einnig öðru langveiku fólki. Þeim, sem eru smitaðir, býðst að taka þátt í sjálfshjálparhópum. Þau börn fá aðstoð sem misst hafa foreldra sína eða þjást á annan hátt vegna sjúkdómsins.

**VINADEILDARSAMSTARF HÓFST VIÐ TVÆR DEILDIR TIL VIÐBÓTAR Í GAMBÍU SVO AD NÚ ERU DEILDIR INNAN RAUÐA KROSS ÍSLANDS Í SAMVINNU VIÐ FIMM DEILDIR AF ÞEIM SJÓ SEM STARFA INNAN VÉBANDA GAMBÍSKA RAUÐA KROSSINS.**

**Búrúndí:**

## Alþjóðaráðið aðstoðar á stríðsátakasvæðum



**„Alþjóðaráð Rauða krossins gegnir óhemju mikilvægu hlutverki á átakasvæðum,“ segir Hrafnhildur Sverrisdóttir, sem starfaði sem sendifulltrúi í Búrúndí. Hún sinnti aðallega eftirliti í fangelsum landsins þar sem fylgst var með því hvort að fangar fengju mannúðlega meðferð.**

Alþjóðaráðið vinnur að því að aðstoða fórnarlömb stríðsátaka um allan heim. Starf þess tryggir að fólki lífi hörmungar af þar sem allt daglegt líf hefur farið úr skorðum. Hjálpin er margvísleg – matur, föt, lyf, læknishjálp, þak yfir höfuðið og aðgangur að hreinu vatni.

„Sendifulltrúar á vegum Alþjóðaráðsins fylgjast einnig með því að fangar sæti ekki illri meðferð, til dæmis að þeir fái að borða, hafi vatn að drekka og komist reglulega út undir bert loft,“ segir Hrafnhildur. Hún segir að aðeins hluti af föngunum hafi verið tekinn höndum vegna átakanna en að Alþjóðaráðið geri ekki upp á milli þeirra og aðstoði þá alla.

Hrafnhildur segir að stjórnvöld beri ábyrgð á fangelsum og föngum í landinu en að starfsfólk á vegum Alþjóðaráðsins kanni aðstæður og beiti sér gagnvart yfirvöldum ef aðstæður séu ekki í lagi. „Alþjóðaráðið sinnir einnig vatnsöflun og frárennsli í fangelsum til að bæta heilsufar fanganna,“ segir hún. Hrafnhildur segir að meðal annars hafi verið haldið námskeið fyrir fangana um hvernig eigi að viðhalda rafmagni og pípulögnum. Fangarnir geti þá sjálfir sinnt minniháttar viðgerðum og síðan nýtt kunnáttu sína þegar þeir losni úr haldi.

Búrúndí er eitt fátækasta land í Afríku. Þar hafa um langt árabíl geisad átök á milli tveggja þjóðernishópa, þ.e. Tútsa og Hútúa. Alþjóðaráðið hefur starfað í Búrúndí síðastliðin 40 ár og er í nánú samstarfi við Rauða kross félagið í landinu. Smám saman hefur félaginu vaxið ásmegin svo að gert er ráð fyrir að það taki að sér í meira mæli að sinna leitarþjónustu og að sameina fjölskyldur. Erlent starfsfólk Alþjóðaráðsins – eins og til dæmis Hrafnhildur – mun áfram sinna fangaheimsóknum og öðrum þeim störfum þar sem gæta þarf hlutleysis gangvart stríðandi fylkingum.

Alþjóðaráðið rekur umfangsmikla leitarþjónustu til að sameina fjölskyldur og ástvini sem hafa sundrast vegna stríðsátaka. Þar sem víglínur hafa sundrað fjölskyldum og póstsamgöngur farið úr skorðum eru flutt bréf á milli fólks, svokölluð Rauða kross skilaboð. Hundruð starfsmanna vinna við það að finna fólk sem hefur týnst, sameina fjölskyldur á ný og koma Rauða kross skilaboðum áleiðis.

Allar götur síðan Alþjóðaráðið var stofnað fyrir 145 árum hefur það haft sérstöku hlutverki að gegna í stríðsátökum. Þetta hlutverk Alþjóðaráðsins er skráð í Genfarsamningunum sem eru alþjóðlegir samningar um leikreglur í stríði. Þar kemur fram að Alþjóðaráðinu sé rétt og skylt að starfa báðum megin víglína í átökum og koma þeim til hjálpar sem ekki taka þátt í átökunum, hvort sem þeir eru óbreyttir borgarar, særðir hermenn eða stríðsfangar. Á árinu var starfsfólk ráðsins að störfum í yfir 80 löndum í heiminum.

Alþjóðaráð Rauða krossins er sjálfstæð stofnun með aðsetur í Genf í Sviss. Allt frá stofnun þess árið 1863 hefur meginhlutverk þess verið að hafa frumkvæði að hjálparstarfi á vígvelli. Alþjóðaráðið verndar og aðstoðar þá sem ekki geta talist beinir þátttakendur í átökum.

Samkvæmt Genfarsamningunum fjórum frá árinu 1949 er Alþjóðaráðinu falið að fylgjast með að samningarnir séu virtir af þeim ríkisstjórnunum sem hafa undirritað þá og eiga þátt í átökum. Það eru því einkum særðir og sjúkir hermenn, stríðsfangar og almennir borgarar sem njóta verndar þess.



**ALLS VORU 14 SENDIFULLTRÚAR AÐ STÖRFUM VIÐ 16 VERKEFNI Á ALPJÓÐAVETTANGI, SAMTALS Í 110 MANNMÁNUDI.**

EFTIRTALDIR STÖRFUÐU SEM SENDIFULLTRÚAR:

BIRNA HALLDÓRSDÓTTIR - MALAVÍ  
HÓLMFRÍÐUR GARÐARSÓTTIR - MÓSAMBÍK  
KARL SÆBERG JÚLISSON - GENF  
NÍNA HELGADÓTTIR - MÓSAMBÍK  
SÓLVEIG ÞORVALDSDÓTTIR - PAKISTAN

ELÍN JÓNASDÓTTIR - SÝRLAND  
HRAFNHILDUR SVERRISDÓTTIR - BÚRÚNDÍ  
MARÍA SKARPHÉDINDÓTTIR - MALAVÍ  
ÓMAR VALDIMARSSON - KENÍA  
ÞÓR DANÍELSSON - MONGÓLÍA

HLÍN BALDVINSDÓTTIR - MÓSAMBÍK  
HULD INGIMARSDÓTTIR - SUNNANVERÐ AFRÍKA  
MICHAEL SCHULZ - NEW YORK, USA  
SIGRÍÐUR BJÖRK ÞORMAR - MIÐSTÖÐ ALPJÓÐA-SAMBANDSINS UM SÁLREANAN STUÐNING

